

Ed.
um náttúruvernd.

277. Frumvarp til laga

[129. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 232 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólk er heimil för um óræktuð lönd manna utan þéttbýlis og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar (sé land girt, er aðeins heimilt að fara gegnum hlið á girðingunni), enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra réttihafa að landinu. Nú hlýzt tjón af dvöl manna á landinu, og skal þá greiða rétthöfum fullar bætur fyrir tjónið eftir virðingu náttúruverndarnefndar. Skjóta má úrskurði nefndarinnar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt 18. gr.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanns lands, svo og dvöl þar.